



Kveðja frá forseta Íslands

Árið 1918 vannst mikill sigur í sjálfstæðisbaráttu Íslands. Gerður var sambandslagasamningur við Danmörku. Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Danskur konungur var áfram þjóðhöfðingi á Íslandi en lokatakmarkið, fullt sjálfstæði, var í auglýsingu og leiðin þangað í okkar höndum. Verðugt er það og þakkarvert að á Norrænu frímerkjasýningunni sé aldarafmælis fullveldis minnst með veglegum hætti. Frímerki geta sagt söguna á sinn hátt. Á þeim má finna myndir og tákni sjálfstæðis, menningar og atvinnuhátta, þau vitna mörg hver um merk tíðindi í sögu þjóðar.

Ég býð safnara og annað áhugafólk um frímerki hjartanlega velkomið á Norrænu frímerkjasýninguna. Nú er hún haldin í Garðabæ, æskuslóðum mínum, og Bessastaðir, aðsetur forseta Íslands, eru innan bæjarmarkanna. Gaman er að rifja upp að árið 1958, fyrir réttum 60 árum, sótti Ásgeir Ásgeirsson forseti fyrstu Nordia-sýninguna sem haldin var á Íslandi.

Þótt við lifum tíma örra breytinga og tækninýjunga má enn vænta þess að ný frímerki líti dagsins ljós, að saga lands og þjóðar verði áfram sögð þar með sínum hætti og ekki síst að frímerkjasafnarar njóti þess enn að hittast og bera saman bækur sínar. Ég fagna Norrænu frímerkjasýningunni, fögrum vitnisburði um norræna samvinnu og þau vinabönd sem liggja milli norrænna þjóða.

Cyðni Th. Jóhannesson